

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Skógafoss

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Skógafoss voru lögð fram til kynningar í júní 2018 og umsagnar- og samráðsaðilum og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook-síðu Umhverfisstofnunar og á heimasíðu Rangárþing- eystra. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 19. júlí 2018. Erindi voru send til samráðsaðila þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Athugasemdir og ábendingar bárust frá sex aðilum auk umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á drögum stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Skógafoss í kjölfar kynningarferlisins.

Landeigendur og samráð

Í vinnsluferli áætlunarinnar kom fram að í samstarfshópinnt vantaði landeigendur Drangshlíðardals og komu þeir inn i hópinnt á síðari stigum vinnunnar. Athugasemd kom frá þeim um að landeigendur hefðu ekki samþykkt friðunina á sínum tíma. Samþykki þeirra fannst ekki við leit í gögnum frá þeim tíma sem fossinn var friðlýstur en aftur á móti fundust bréf sem landeigendum voru send og þar sem þeir voru upplýstir um að friðun stæði fyrir dyrum, friðlýsingaskilmálar voru sendir og þess óskað að þeir veittu samþykki sitt. Í náttúruverndarlögum sem voru í gildi á þeim tíma þegar Skógafoss var friðlýstur var ekki gert ráð fyrir að samþykki landeigenda þyrfti að liggja fyrir, nægjanlegt væri að þeir hefðu verið upplýstir um fyrirætlunina. Gert er ráð fyrir að auglýsing um náttúruvættið verði endurskoðuð á árinu og munu mörk þess þá verða skoðuð.

Aðgerðaáætlun

Fremst í stjórnunar- og verndaráætluninni er aðgerðaáætlun til næstu fimm ára. Ábendingar bárust um að í þann kafla vanti verkefni sem nefnd eru í meginþexta. Taka skal fram að í aðgerðaáætluninni eru eingöngu nefnd verkefni eða framkvæmdir sem ákveðið hefur verið að fara í en ekki hugmyndir sem stefnt er að. Auk þess eru verkefni í aðgerðaáætluninni eingöngu þau sem Umhverfisstofnun sér sjálf mun. Verkefni sem aðrir vinna eru ekki á þeim lista.

Samráðsaðilar

Ósk barst um að bæta Skógræktarfélagi Íslands (skog.is), sambandi skógræktarféлага í landinu, á samráðslista Umhverfisstofnunar vegna vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlana og var það gert.

Landbúnaður - skógrækt

Ábending barst um að skoða þyrfti betur hugmyndir um grisjun skógar í jaðri náttúruvættisins. Orðalagi var breytt og upplýsingum sem bárust var bætt við kaflann.

Ábendingar bárust vegna skógræktar á svæðinu. Bent var á að ekki væri gert ráð fyrir frekari skógrækt innan náttúruvættisins í áætluninni en líta bæri til þess að gróður- og jarðvegseyðing sé mikil á Skógaheiði og endurheimt birkiskóga geti verndað jarðveg og gróður á landinu varanlega. Skógrækt væri oft besta leiðin til að styrkja gróðurþekju. Umhverfisstofnun bendir á að verndarsvæðið nær aðeins 100 metra út frá Skógá og telur ekki ástæðu til að rækta skóg svo nálægt ánni. Víðáttan og útsýni frá svæðinu sé einstakt.

Ferðaþjónusta og útivist

Ábending kom um að stigi og pallur upp með Skógafossi væru lýti og þyrfti að fjarlægja. Í nýju deiliskipulagi fyrir svæðið er gert ráð fyrir að útsýnispallur ofan við Skógafoss verði færður þannig að hann sjáist ekki af láglandi. Þá er gert ráð fyrir breytingu á stiganum og legu hans upp með Skógafossi með tilliti til þess að hann þjóni þeim fjölda gesta betur sem fer þar um og að stiginn falli betur inn í landslagið.

Bent var á að ganga mætti upp að fossinum eftir stíg upp frá Byggðasafninu og tengja hann við akveg upp á Skógaheiði. Tjaldstæðið mætti hafa neðan safnsins og samnýta bílastæði sem þar eru. Svæðið sem um ræðir er utan náttúruvættisins og verður ábendingunni komið áfram til viðkomandi aðila.

Ábending barst um að nýta mætti skóga skógræktarféлага til útivistar og að athugandi væri að tjaldsvæði fyrir léttari tjöld væru innan Landgræðsluskógarins og nytu skjóls af honum.

Umhverfisstofnun bendir á að umrætt svæði er utan friðlýsta svæðisins og því ekki til umfjöllunar í áætlun þessari. Á opnum íbúafundi kom sú hugmynd fram að gera mætti hringleið fyrir göngufólk upp með Skógafossi, austur að gamla skólahúsinu og niður í gegnum skóginn. Ábendingunni verður komið áfram til þeirra aðila sem við á, sjá einnig viðauka IV.

Aðgengi og takmarkanir á umferð

Ábending kom varðandi tímabundnar lokanir á þeim árstíma þegar náttúran er hvað viðkvæmust. Umhverfisstofnun endurskoðaði þann texta þar sem fjallað var um aðgengi.

Gróður, vistgerðir og dýralíf

Ábending barst um hvort ekki væri rétt að í kaflanum segði að eyða skuli lúpínu og öðrum framandi tegundum í stað þess að sporna við því að þær nái frekari fótfestu

innan náttúruvættisins. Umhverfisstofnun telur að ef eyða á plöntunum þurfi að fara út fyrir friðlýsta svæðið og það sé ekki raunhæft verkefni fyrir stofnunina.

Menningarminjar

Ábending barst um minjar í nágrenni Skógafoss. Unnið var úr þeim og áætlunin uppfærð í samræmi við þær.

Innviðir og mannvirki

Ábending barst um að fyrirhugað bílastæði neðan Barnaskólans liggja of nærri friðaða svæðinu og myndi hafa áhrif á ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að athugasemdir um skipulag utan friðlýsts svæðis snúa að deiliskipulagi Rangárþings eystra og bendir á að beina þeim athugasemdum til sveitarfélagsins.

Almennt

Aðrar vel þegnar ábendingar vörðuðu orðalag og framsetningu texta sem var lagað í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.